Sþ.

# 516. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1979.

## I. INNHEIMTA TEKNA.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1979, sem hér segir:

| | Samkvæmt vegáætlun m.kr. | | Rauntekjur pr. 31.12.'78 m.kr. | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1.1. Bensíngjald: | | | | |
| Brúttótekjur | | 7 308 | | |
| Endurgreiðslur | | ÷ 43 | | |
| | 7 483 | | 7 265 | ÷ 218 |
| 1.2. Þungaskattur: | | | | |
| Km-gjald | | 1 702 | | |
| Árgjald | | 397 | | |
| | 1 850 | | 2 099 | 249 |
| 1.3. Gúmmígjald | 107 | | 76 | ÷ 31 |
| Samt. 1.—3. | 9 440 | | 9 440 | 0 |
| 1.4. Ríkisframlag | 522 | | 572 | 50 |
| 1.5. Lánsfé | 3 130 | | 3 730 | 600 |
| Samt. 1.—5. | 13 092 | | 13 742 | 650 |

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1979 var flutt inn 8 181 bifreið og er það 681 bifreið færri en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 7 482. Innflutningur vörubifreiða var alls 371, þar af 149 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 277 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 51. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1979 hafi verið orðin um 89 500 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 6,4%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu í janúar 1980 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1979 var skiptingin, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

| Tegund bifreiðar | Bensín | Dísel | Alls |
|---|---|---|---|
| Fólksbifreiðar | 72 420 | 3 259 | 75 679 |
| Alm. bifreiðar | 351 | 730 | 1 081 |
| Vörubifreiðar | 3 297 | 4 084 | 7 381 |
| | 76 068 | 8 073 | 84 141 |

1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á árinu 1979 varð 119,3 m.ltr, en það er 1,8% minnkun frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 9% minni en árið áður eða 1.520 ltr á móti 1670 árið 1978.

Bensín hækkaði mjög á árinu 1979 eða úr 181 kr. í 370 kr. en það er um það bil 40% umfram almennar verðhækkanir. Bensíngjald, sem rennur í vegasjóð, var hækkað tvisvar á árinu, fyrst 23. febrúar í 59,22 og síðan 12. júlí í 70,93 kr. á lítra.

**Bensínsala og meðaleyðsla á bensínbifreið.**

| Ár | Bensínsala m. lítrar | Meðaleyðsla lítrar |
|---|---|---|
| 1971 | 77,5 | 1 756 |
| 1972 | 84,9 | 1 745 |
| 1973 | 95,1 | 1 757 |
| 1974 | 104,4 | 1 736 |
| 1975 | 103,6 | 1 623 |
| 1976 | 104,5 | 1 616 |
| 1977 | 114,4 | 1 685 |
| 1978 | 121,5 | 1 670 |
| 1979 | 119,3 | 1 520 |

1.2. Þungaskattur.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 249 m.kr. umfram áætlun. Skýring á þessu er sú, að í júní 1979 var felldur niður söluskattur af díselolíu. Til að bæta ríkissjóði upp tekjumissi af þessu og til að raska ekki skatthlutfalli díselbíla og bensínbíla, var ákveðið að á móti kæmi hækkun á þungaskatti.

Heildartekjur af þungaskatti voru 2.099 m.kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 1.702 m.kr. og af árgjaldi 397 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meira. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu skv. km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 8.600 bifreiðum. Áætlað er að um 6.000 greiði eftir mæli, en um 2.600 fast árgjald. Þar af er áætlað, að um 2.000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

Á síðustu árum hefur orðið mikil fækkun á þeim bílum, sem greiða fast árgjald. Er greinilegt, að eigendur díselbíla undir 4 tonna heildarþunga notfæra sér heimild til að greiða eftir mæli í stað fasts árgjalds, ef það er hagstætt fyrir þá.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem nú er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 76 m.kr., er það er 31 m.kr. minna en áætlað var. Má rekja það til þess, að mun minna var eytt til endurnýjunar dekkja en gert var ráð fyrir.

Alls voru flutt inn 1 690 tonn af hjólbörðum. Áætlað er að 1.060 tonn séu vegna endurnýjunar og 630 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarða og árleg meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

| Ár | Innfl. vegna nýrra bifr. | Innfl. vegna endurnýjunar | Innfl. alls tonn | Meðalendurnýjun kg/bifr. |
|---|---|---|---|---|
| 1971 | 590 | 1 030 | 1 620 | 21 |
| 1972 | 540 | 1 270 | 1 810 | 23 |
| 1973 | 610 | 1 380 | 1 990 | 23 |
| 1974 | 810 | 1 530 | 2 340 | 23 |
| 1975 | 270 | 1 110 | 1 380 | 16 |
| 1976 | 340 | 1 050 | 1 390 | 15 |
| 1977 | 570 | 1 530 | 2 100 | 20 |
| 1978 | 680 | 1 460 | 2 140 | 18 |
| 1979 | 630 | 1 060 | 1 690 | 12 |

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1979 522 m.kr., en er hér hækkað um 50 m.kr., sem er samþykkt aukafjárveiting til snjómoksturs vegna alþingiskosninganna í desember.

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun, önnur en til bráðabirgðalána og vinnulána, nam 3 730 m.kr. Af þessari upphæð eru 3 130 m.kr. skv. vegáætlun, en til viðbótar komu 600 m.kr., sem ríkissjóður aflaði til vegaframkvæmda á Norðausturlandi.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála skv. vegáætlun var 13 092 m. kr., og skiptist hún milli framkvæmdaliða skv. töflu hér að neðan. Til viðbótar þessari upphæð kemur 50 m.kr. hækkun á ríkisframlagi til snjómoksturs vegna alþingiskosninga í desember og 600 m. kr. hækkun á lánsfé til framkvæmda á Norðausturlandi. Heildarfjárveiting varð því 13 742 m.kr.

### SKIPTING ÚTGJALDA SKV. VEGÁÆTLUN

| | Upph. í m.kr. | |
|---|---|---|
| **2.1. Stjórn og undirbúningur:** | | |
| 1. Skrifstofukostnaður | 320 | |
| 2. Verkfræðilegur undirbúningur | 393 | |
| 3. Umferðartalning og vegaeftirlit | 60 | |
| 4. Eftirlaunagreiðslur | 42 | |
| | | 815 |
| **2.2. Viðhald þjóðvega:** | | |
| 1. Sumarviðhald | | |
| 1. Viðhald malarvega | 1 516 | |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 365 | |
| 3. Viðhald brúa | 185 | |
| 4. Viðhald varnargarða | 25 | |
| 5. Heflun vega | 745 | |
| 6. Rykbinding | 172 | |
| 7. Vinnsla efnis | 780 | |
| 8. Vatnaskaðar og ófyrirséð | 170 | |
| 9. Vegmerkingar | 42 | |
| | 4 000 | |
| 2. Vetrarviðhald | 1 252 | |
| | | 5 252 |
| **2.3. Til nýrra þjóðvega:** | | |
| 1. Stofnbrautir | | |
| 1. Almenn verkefni | 2 565 | |
| 2. Bundin slitlög | | |
| 3. Sérstök verkefni | 870 | |
| | 3 435 | |
| 2. Þjóðbrautir | 845 | |
| 3. Girðingar _ .ppgræðsla | 92 | |
| | | 4 372 |
| **2.4. Til brúagerða:** | | |
| 1. Brýr 10 m og lengri | 534 | |
| 2. Smábrýr | 123 | |
| | | 657 |

| | Upph. í m.kr. | |
|---|---|---|
| **2.5. Til fjallvega o. fl.:** | | |
| 1. Aðalfjallvegir | 21 | |
| 2. Aðrir fjallvegir | 28 | |
| 3. Þjóðgarðavegir o. fl. | 24 | |
| 4. Bláfjallav., Suðurlandsv. — Hafnarfj. | | |
| 5. Reiðvegir | 3 | |
| | | 76 |
| **2.6. Til sýsluvega:** | | 540 |
| **2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum:** | | 1 190 |
| **2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:** | | |
| 1. Til véla- og verkfærakaupa | 58 | |
| 2. Til byggingar áhaldahúsa | 85 | |
| | | 143 |
| **2.9. Til tilrauna:** | | 47 |
| | Samtals | 13 092 |

## 2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Til grundvallar þeim fjárhæðum, sem fram komu í vegáætlun 1979, lá ákveðin spá um þróun verðlags. Meðalverðlagshækkanir milli 1978 og 1979 voru áætlaðar 35%, og öll markmið og stefna vegáætlunar var miðuð við þá hækkun. Verðlagsþróun breyttist hins vegar mjög til hins verra, er leið á árið, og raunverulega verðhækkunin varð mun meiri, eins og eftirfarandi vísitölur sýna:

| | Vegagerð | Brúagerð | Viðhald |
|---|---|---|---|
| 1. Vísitala í vegáætlun (áætluð) | 135 | 135 | 135 |
| 2. Vísitala í ágúst 1979 | 145 | 149 | 145 |
| Hækkun 1—2 | 7,4% | 10,4% | 7,4% |

Til að mæta þessum verðhækkunum var dregið úr framkvæmdum, eins og kostur var. Óhjákvæmilega varð þó halli á ýmsum bundnum liðum. Snjómokstur varð 360 m.kr. umfram áætlun, en stóran hluta þess má þó rekja til óhagstæðs tíðarfars á árinu. Halli á launalið stjórn og undirbúnings var 40 m.kr. og halli á brúagerð 20 m.kr. Halli þessi verður greiddur af vegáætlun 1980.

## 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

### 2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 451, en voru 452 um áramótin 1978—1979 (skráðir í skýrslu ráðherra fyrir árið 1978 438, en þeirri tölu hefur verið breytt til samræmis við nýja skilgreiningu á hugtakinu ársmaður, sbr. l. 19/1979). Af þessum 451 eru 130 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna, en heimiluð stöðugildi eru 142.

Yfir sumartímann fer fjöldi starfsmanna upp í 900—1000, og heildarlaunagreiðslur námu rúmum 3,5 milljörðum króna á árinu 1979.

Auk framangreindra starfsmanna starfa u. þ. b. 400 vörubifreiðastjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann, og námu greiðslur til þeirra á árinu 1979 rúmum 2,2 milljörðum króna.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

| | Reykja-vík | Suður-land | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austur-land | Borgar-fjarðar brú | Samtals jan. '80 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa, yfirstjórn | 22 | 2 | | 3 | 1 | 2 | 4 | 2 | | 36 |
| Verkfræðilegur undirbúningur | 28 | 4 | 2 | 5 | 5 | 3 | 4 | 4 | | 55 |
| Vegaeftirlit | 6 | | | | | | | | | 6 |
| Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB | 11 | 1 | | | | | 1 | 1 | | 14 |
| Iðnlærðir verkstjórar | 7 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 3 | 2 | | 19 |
| Verkstjórar | 2 | 10 | 8 | 13 | 8 | 6 | 16 | 16 | | 79 |
| Iðnaðarmenn | 39 | 1 | | 7 | | 3 | 5 | 7 | | 62 |
| Vélamenn | 16 | 13 | 13 | 20 | 15 | 10 | 21 | 16 | | 124 |
| Verkamenn | 22 | 4 | | 7 | 1 | 3 | 3 | 3 | | 43 |
| Ráðskonur, matráðskonur | 8 | 1 | 2 | | | | 2 | | | 13 |
| Fastir starfsm. í jan. 1980 | 161 | 37 | 27 | 56 | 32 | 28 | 59 | 51 | | 451 |
| Fastir starfsm. í jan. 1979 | 150 | 32 | 27 | 54 | 29 | 26 | 61 | 46 | 27 | 452 |
| Fastir starfsm. í jan. 1978 | 135 | 31 | 27 | 57 | 29 | 25 | 67 | 46 | 53 | 470 |
| Fastir starfsm. í jan. 1977 | 140 | 30 | 27 | 65 | 27 | 25 | 71 | 47 | 42 | 474 |

### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 320,0 m.kr., þar af 20,0 m.kr. til greiðslu halla frá árinu 1978. Útgjöld á árinu urðu hins vegar 317,0 m.kr. eða 5,6% hærri en áætlað var, og er það í samræmi við launahækkanir, en liður þessi er að stórum hluta launagreiðslur.

Um 69% þessa kostnaðar féll til í Reykjavík og á suðvesturlandi, en 31% í öðrum landshlutum.

### 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 393 m.kr., og var henni varið til undirbúningsframkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Sumpart var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Meðal verka, sem unnið var að undirbúningi við, má nefna:

Suðurlandsveg frá Landvegi að Hvolsvelli.
Vesturlandsveg um Hvalfjörð, í Norðurárdal og á Holtavörðuheiði.
Vestfjarðaveg í Önundarfirði.
Siglufjarðarveg í Mánárskriðum.
Norðurlandsveg í Langadal og á Öxnadalsheiði.
Norðfjarðarveg milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð yfirlitsáætlunar um úrbætur á öllu stofnvegakerfi landsins.

### 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 60 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 45 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Umferðin 1979 virðist hafa verið mjög svipuð því, sem hún var 1978, sumarumferð hefur minnkað lítillega (2%), en ársumferð hefur staðið í stað.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.


ÁRSUMFERÐ 1979
< 200 bílar á dag
200-500 — " —
500-1000 — " —
> 1000 — " —

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem gerð var lögregluskýrsla um á árinu 1978. Alls bárust upplýsingar um 948 slys. Í 208 þeirra eða um 22% tilfella urðu meiðsli á fólki. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kom, að um 30% slysanna varð, er bifreið var ekið út af vegi, og um 57% allra slysa með meiðslum á fólki varð í útafakstri.

Þá var reiknuð út slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja 1 000 000 ekinna km). Meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1978 reyndist vera 2,11. Samsvarandi tala fyrir árið 1977 var 1,77.

Sá þjóðvegur, sem flest slys urðu á var Hafnarfjarðarvegur, en alls voru á árinu 1978 gerðar lögregluskýrslur um 155 slys og óhöpp á honum. Er þá miðað við veginn allan frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut. Þetta eru um 16,3% allra slysa, sem upplýsingar bárust um. Slysatíðni á honum reyndist vera 3,49 slys á 1 000 000 ekinna km, þ. e. verulega hærri en landsmeðaltal.

Reiknað er með, að slysaathugunum verði haldið áfram með svipuðum hætti og niðurstöður þeirra verði notaðar til þess að ákvarða þá staði, sem sérstaklega þarfnast endurbóta út frá öryggissjónarmiði.

C. Vegaeftirlit.

Störf vegaeftirlitsins voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Unnið var við eftirlit með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum landsins. Jafnframt fylgdust vegaeftirlitsmenn með ástandi ökumæla í díselbifreiðum vegna innheimtu þungaskatts.

Vegaeftirlitið sá að venju um vegmerkingar, umferðartalningar, upplýsingamiðlun um ástand vega og annaðist samræmingu á snjómokstri á þjóðvegum landsins.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og ekkna þeirra ásamt nokkurra fyrrv. verkamanna voru áætlaðar 42,0 m.kr., en urðu 40,2 m. kr., þar sem eftirlaunaþegar urðu ívið færri en áætlað var. Einn verkstjóri, þrjár ekkjur og einn verkamaður öðluðust rétt til eftirlauna á árinu. Einn fyrrv. verkstjóri, tveir fyrrv. verkamenn og ein ekkja létust, en frestað var greiðslu eftirlauna til eins verkamanns.

Í árslok nutu því alls 12 fyrrv. verkstjórar, 16 ekkjur og 9 fyrrv. verkamenn eftirlauna.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

| | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| Sumarviðhald | 4 000 |
| Vetrarviðhald | 1 252 |
| Samtals | 5 252 |

### 2.2.1 Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum, og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði.

| Sumarviðhald | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| 1. Viðhald malarvega | 1 516 |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 365 |
| 3. Viðhald brúa | 185 |
| 4. Viðhald varnargarða | 25 |
| 5. Heflun vega | 745 |
| 6. Rykbinding | 172 |
| 7. Vinnsla efnis | 780 |
| 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 170 |
| 9. Vegmerkingar | 42 |
| Samtals | 4 000 |

Á meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður á árunum 1969—79 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags 1979, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1979, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1979, og eru þær tölur einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

| Ár | Viðhaldskostn. m.kr. | Vísitala viðhaldskostn. | Viðhaldsk. miðað við verðlag 1979 m.kr. | Lengd akfærra þjóðvega km | Viðhaldsk. á km miðað við verðlag 1979. Þús.kr. | Bílafjöldi í ársbyrjun | Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km | Viðhaldsk. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1979. Kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1969 | 150,2 | 7,4 | 2943 | 8186 | 360 | 43,606 | 290 | 10,1 |
| 1970 | 179,3 | 8,2 | 3171 | 8186 | 387 | 43,576 | 308 | 10,3 |
| 1971 | 218,1 | 9,5 | 3329 | 8148 | 409 | 47,011 | 328 | 10,1 |
| 1972 | 303,6 | 11,4 | 3862 | 8164 | 473 | 52,489 | 349 | 11,1 |
| 1973 | 334,0 | 13,9 | 3484 | 8104 | 430 | 57,155 | 371 | 9,4 |
| 1974 | 680,0 | 22,3 | 4422 | 8211 | 538 | 63,189 | 395 | 11,2 |
| 1975 | 840,0 | 36,4 | 3346 | 8336 | 401 | 71,364 | 420 | 8,0 |
| 1976 | 1172,0 | 46,9 | 3623 | 8336 | 435 | 71,459 | 420 | 8,6 |
| 1977 | 1437,0 | 67,5 | 3087 | 8336 | 370 | 73,410 | 449 | 6,9 |
| 1978 | 2655,0 | 100,0 | 3850 | 8409 | 458 | 78,481 | 450 | 8,6 |
| 1979 | 3946,6 | 145,0 | 3946,6 | 8406 | 469 | 84,141 | 449 | 8,7 |




SUMARVIÐHALD Á HVERN EKINN KM
Á VERÐLAGI 1979

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu víða nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um landið.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA Á HELSTU
ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1979
9 d 5t.
9d. 5t
7d 7t
23d 5t
7d oj
16d 5t
11d. 7t
13d. oj
6d. 5t
4d. 7t
7d. oj
6d. 5t.
4d. 7t.
20d oj
13d 5t
8d. 5t.
17d. 7t
8d oj.
17d. 7t
21d oj
7d 5t
13d. 7t
9d 7t
34d 7t
34d 7t
45d. 7t
40d. 7t
12d. vl.
10d. 5t
46d. vl.
19d. 5t.
5d. 7t.
50d. 7t.
37d. vl.
17d 7t
37d. vl.
10d. 5t.
12d. 7t.
16d. oj.
11d. 7t.
16d. oj.
12d. 7t.
7d oj
21d. 5t.
29d. 7t
7d. oj.
21d. 5t.
22d 7t.
50d. 7t.
15d. oj.
30d 5t
16d. 7t.
6d. oj.
17d. vl.
3d. oj.
40d 5t.
16d. 7t.
17d. vl.
7d. oj.
41d. 5t
12d. 7t.
41d. 5t.
5d 7t
20d. oj.
31d. 5t.
48d. 5t.
5d. 7t
25d. 5t
15d. 7t.
9d. 5t
37d 7t.
39d. 7t
33d. 7t
19d. 7t
14d. 5t.
11d. 7t.
4d. 7t.
17d. 7t
9d. 7t
9d. 5t
18d 5t
17d. 7t
9d. 7t.
Vegur lokaður eða aðeins opinn jeppum
( vl eða oj )
5 tonna öxulþungi ( 5t. )
7 „ „ ( 7t. )
Kafla skipting
„ „

Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarþunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi. Einnig er gerður greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi.

| Kjördæmi | Gerð slit-lags | Sumardagsumferð bílar/dag: Minni en 50 | 50–100 | 100–200 | 200–300 | 300–500 | 500–750 | 750–1 000 | 1 000–1 500 | 1 500–2 000 | 2 000–3 000 | 3 000–5 000 | 5 000–10 000 | Meiri en 10 000 | Alls | Alls í kjörd. | Ársumferð millj. ekinna km: Alls | Alls í kjörd. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki: km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km |
| Suðurland | Malar | 482 | 317 | 330 | 117 | 148 | 64 | 15 | 9 | – | – | – | – | – | 1482 | | 53 | |
| | Bundið | – | – | – | – | 5 | 34 | 1 | 14 | – | 18 | 17 | – | – | 89 | 1571 | 37 | 90 |
| Reykjanes | Malar | 22 | 55 | 61 | 17 | 4 | 22 | 2 | 37 | 5 | – | – | – | – | 225 | | 20 | |
| | Bundið | 2 | – | 4 | – | 11 | 2 | 21 | 21 | 8 | 10 | 40 | 12 | 5 | 136 | 361 | 142 | 162 |
| Vesturland | Malar | 570 | 207 | 230 | 134 | 138 | 56 | 44 | 1 | – | – | – | – | – | 1380 | | 53 | |
| | Bundið | – | – | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | – | – | – | – | – | – | 18 | 1398 | 3 | 56 |
| Vestfirðir | Malar | 455 | 559 | 253 | 22 | 34 | 3 | – | – | – | 2 | – | – | – | 1328 | | 25 | |
| | Bundið | – | – | – | – | – | – | – | 3 | – | – | – | – | – | 3 | 1331 | 1 | 26 |
| Norðurl. ve. | Malar | 480 | 187 | 139 | 98 | 153 | 31 | 7 | – | – | – | – | – | – | 1095 | | 34 | |
| | Bundið | – | – | – | – | 1 | – | 5 | – | – | – | – | – | – | 6 | 1101 | 1 | 35 |
| Norðurl. ey. | Malar | 385 | 233 | 270 | 156 | 104 | 26 | 4 | 5 | – | 1 | – | – | – | 1184 | | 39 | |
| | Bundið | – | – | – | – | – | 7 | – | 5 | – | 2 | – | – | – | 14 | 1198 | 4 | 43 |
| Austurland | Malar | 463 | 365 | 427 | 137 | 42 | 6 | 1 | – | – | – | – | – | – | 1441 | | 36 | |
| | Bundið | – | – | 1 | – | 1 | 1 | – | 2 | – | – | – | – | – | 5 | 1446 | 1 | 37 |
| Samtals | Malar | 2857 | 1923 | 1710 | 681 | 623 | 208 | 73 | 52 | 5 | 3 | – | – | – | 8135 | | 260 | |
| | Bundið | 2 | – | 6 | 2 | 21 | 52 | 31 | 45 | 8 | 30 | 57 | 12 | 5 | 271 | | 189 | |
| | Alls | 2859 | 1923 | 1716 | 683 | 644 | 260 | 104 | 97 | 13 | 33 | 57 | 12 | 5 | 8406 | | 449 | 449 |

### 2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, skurðgröft, rásagerð, eftirlit, endurnýjun umferðarmerkja og stika, malarburð og fleira.

Til malarburðar var varið 890,6 m. kr., en það gerir um 23% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarbornir voru 1979, ásamt fjölda rúmmetra, sem ekið var í slitlag vega.

| Kjördæmi | Lengd km | Malar-magn $m^3$ | Magn $m^3/m$ | Meðal þykkt cm |
|---|---|---|---|---|
| Suðurland | 133 | 110 700 | 0,83 | 12,8 |
| Reykjanes | 53 | 33 400 | 0,63 | 10,5 |
| Vesturland | 124 | 103 700 | 0,84 | 13,9 |
| Vestfirðir | 144 | 64 700 | 0,45 | 8,2 |
| Norðurland vestra | 150 | 69 000 | 0,46 | 7,7 |
| Norðurland eystra | 162 | 90 000 | 0,56 | 10,3 |
| Austurland | 78 | 103 000 | 1,32 | 20,0 |
| Samtals | 844 | 574 500 | 0,68 | 10,5 |

Meðalkostnaður við akstur og útlagningu hvers rúmmetra varð 1550 kr.

### 2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagt var um 13,0 km slitlag í viðhaldi, þar af 3,0 km olíumöl og 10,0 km malbik. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1979 eftir kjördæmum.

| Kjördæmi | Lengdir í km | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Steypa | Malbik | Olíumöl | Klæðning | Samtals |
| Suðurland | | 4,5 | 70,9 | 13,6 | 89,0 |
| Reykjanes | 46,6 | 32,5 | 54,2 | 2,4 | 135,7 |
| Vesturland | | | 5,1 | 13,0 | 18,1 |
| Vestfirðir | | 3,4 | | | 3,4 |
| Norðurland vestra | | | | 6,0 | 6,0 |
| Norðurland eystra | | 7,0 | | 7,0 | 14,0 |
| Austurland | | | 4,9 | | 4,9 |
| Samtals | 46,6 | 47,4 | 135,1 | 42,0[1]) | 271,1 |

[1]) Klæðningar eru taldar með bundnu slitlagi, þó að aðferðin sé enn á tilraunastigi (sbr. kafla 3.1.) og óvíst sé um endingu þessarar slitlagsgerðar.

### 2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 185 m.kr.

Stærstu verkefnin voru endurnýjun yfirbyggingar á brú á Laxá í Lóni og lagfæring á undirstöðum og slitgólfi brúar á Múlakvísl. Sett voru ný timburgólf á gamlar steyptar brýr á eftirtöldum ám: Langadalsá (635), Gljúfurá (917), Víðidalsá hjá Ármótaseli (1) og Gilsá í Fáskrúðsfirði (96).

### 2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 25 m.kr. Unnið var að viðhaldi varnargarða á mörgum stöðum á suður- og suðausturlandi og vesturlandi, en langstærsta verkefnið á þessu sviði var á Skeiðarársandi. Þar var unnið að lagfæringu á skemmdum, sem urðu í síðasta Skeiðarárhlaupi. Einnig var byggður nýr garður frá Skaftafellsbrekkum ofan núverandi garða.

Tilgangur hans er að auka öryggi efsta hluta eystri varnargarðs, m. a. vegna annarra mannvirkja á þeim slóðum.

### 2.2.1.5. Heflun vega.

Eins og fyrri ár var reynt að nýta heflunarfjárveitinguna þannig, að sem best not yrðu af hverri heflingu.

Vegagerðin á nú 68 hefla, og eru þeir allir starfræktir við heflun malarveganna, ásamt verkum í nýbyggingum vega. Margir þessara hefla eru komnir til ára sinna, og er elsti hefillinn frá árinu 1941.

Á árinu 1979 voru keyptir 3 nýir heflar.

Síðastliðinn 3 ár hafa verið haldin hefilstjóranámskeið, sem hafa það að markmiði að kenna rétt vinnubrögð við heflun. Þessi námskeið voru haldin í öllum umdæmum árið 1979. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, er kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 709,7 m. kr. eða um 87 þús. kr. á hvern km af malarvegum.

### 2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega 1979, sem rykbundnir voru með klórkalsíum eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag, miðað við sumarumferð. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með umferð meiri en 300 bílar á dag.

| Kjördæmi | Rykbinding, km | | | | Lengd malarvega með umferð meiri en 300 b/d |
|---|---|---|---|---|---|
| | Að fullu | Að nokkru leyti | Með sjó | Alls | km |
| Suðurland | 53 | 26 | 33 | 112 | 236 |
| Reykjanes | 34 | | 8 | 42 | 70 |
| Vesturland | 13 | 13 | 30 | 56 | 239 |
| Vestfirðir | 17 | 12 | | 29 | 39 |
| Norðurland vestra | 4 | 77 | 2 | 83 | 191 |
| Norðurland eystra | 12 | | 30 | 42 | 140 |
| Austurland | 18 | | | 18 | 49 |
| Samtals | 151 | 128 | 103 | 382 | 964 |

### 2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Nú eru starfræktar þrjár mulningsvélasamstæður, þar sem ný samstæða var keypt á árinu. Einnig var notaður að hluta lítill malari. Tvær hörpusamstæður voru starfræktar, sem eru í eigu Vegagerðarinnar.

Þessi tæki nægðu ekki, þannig að samið var við verktaka um vinnslu á efni, og unnu verktakar um 39% af heildarvinnslunni.

Vinnsla efnis í slitlagi malarvega 1979 var sem hér segir:

| Kjördæmi | Mölun m³ | Hörpun m³ | Alls m³ |
|---|---|---|---|
| Suðurland | 51 600 | | 51 600 |
| Reykjanes | 9 000 | | 9 000 |
| Vesturland | 30 900 | 30 100 | 61 000 |
| Vestfirðir | 20 700 | 15 700 | 36 400 |
| Norðurland vestra | 42 200 | | 42 200 |
| Norðurland eystra | | 77 600 | 77 600 |
| Austurland | 19 500 | | 19 500 |
| Samtals | 173 900 | 123 400 | 297 300 |

### 2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á liðnu ári voru skemmdir á vegum vegna vatnavaxta með meira móti. Kostnaður vegna vatnaskemmda varð um 149 m.kr., en var árið 1978 um 124 m.kr. miðað við verðlag 1979. Skemmdir þessar eru margskonar. Í miklum rigningum og leysingum falla t. d. aur- og grjótskriður á vegi í bröttum hlíðum. Vatn flæðir yfir vegi, þegar skurðir og ræsi eru full af snjó og klaka, og rýfur þá oft skörð í vegi, skemmdir verða á ræsum og fyllingum við brýr o. s. frv.

Í flestum landshlutum urðu einhverjar vatnaskemmdir og sumsstaðar verulegar. Í febrúar urðu talsverðar skemmdir á vegum víða á Vesturlandi og nokkuð á Suðurlandi. Í maí urðu á Vestfjörðum veruleg skriðuföll, sem kostaði um 5 m.kr. að lagfæra. Við Stafn í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu, rauf Svartá um 500 m skarð í Svartárdalsveg í vorflóði. Í Eyjafirði og Norðurlandi eystra urðu vatnaskemmdir í snöggum vorleysingum. Kostnaður við lagfæringar varð um 32 m.kr.

Snjóflóð tók yfirbyggingu af brú á Grefilsgili á Fnjóskadalsvegi eystri (835) í apríl. Brúin var strax endurbyggð. Snjóflóð hafa áður valdið skemmdum á þessu svæði, en gert er ráð fyrir, að með nýjum vegi um Víkurskarð dragi úr þýðingu þessa vegar sem vetrarleiðar.

Seint í október gerði hvassviðri og stórbrim á norðanverðum Vestfjörðum. Af völdum brimsins urðu víða skemmdir á vegum, sem liggja við sjó í Ísafjarðardjúpi. Kostnaður við viðgerðir nam um 15,5 m.kr.

Í nóvember urðu síðan verulegar skemmdir á vegum á Austurlandi. Vegir lokuðust vegna skriðufalla og varnargarður við Hólmsá á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu skemmdist allmikið.

### 2.2.1.9 Vegmerkingar.

Fjárveiting var 42,0 m.kr., en það var um 20,0 m.kr. lægri upphæð en árið 1978, sé miðað við verðlagsbreytingar.

Á liðnu ári var lokið við endurskoðun og endurbætur aðvörunarmerkinga á þjóðvegum, samkvæmt nýrri reglugerð um umferðarmerki. Hafa þá aðvörunarmerkingar verið endurskoðaðar í samvinnu við lögregluna á öllum þjóðvegum landsins á síðastliðnum 4 árum. Einnig var unnið við uppsetningu á merkjum með vegnúmerum við helstu vegi. Eftir er að setja upp númer við vegi á Vestfjörðum.

### 2.2.2. Vetrarviðhald.

Á liðnu ári varð kostnaður við vetrarviðhald um 1 437 m.kr., en það er 410 m.kr. umfram áætlun. Er þetta mesta fjármagn, sem varið hefur verið til vetrarviðhalds til þessa, og er þá miðað við verðlag ársins 1979. Næstmestur varð kostnaðurinn árið 1975 eða um 1 400 m.kr. en þá var ekki stefnt að eins mikilli þjónustu og nú er gert. Meðaltal kostnaðar við vetrarviðhald áranna 1969—1979 er 1 085 m.kr. Ekki verður sagt, að snjóalög hafi verið mjög mikil.

Þó varð marsmánuður mjög kostnaðarsamur á Suðvesturlandi, og mikil ótíð um norðanvert landið í apríl og maí, ásamt komu hafíss að Norðurlandi, varð til þess, að kostnaður á þessu tímabili varð mjög mikill.

Undirbúningur þingkosninga og kosningar í byrjun desember hækkaði kostnað við vetrarviðhald um 50 m.kr.

Séu bornir saman nokkrir fjallvegir voru snjómokstursdagar á Holtavörðuheiði 29 á árinu en 23 á árinu 1978, á Breiðadalsheiði 51, en voru 44 á árinu 1978 og á Oddsskarði 37 dagar í stað 38 á árinu 1978.

Hér á eftir fer tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1979. Einnig er sýnt, hve marga daga unnið hefur verið við snjómokstur á þeim.

**Tafla er sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1979.**

| | Jan. | Febr. | Mars | Apr. | Maí | Júní | Júlí | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Alls | Hlutfall af 365 dögum % | Snjómoksturs-dagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fróðárheiði .... | | | 6 | 1 | | | | | | | | 1 | 8 | 2 | 22 |
| Svínadalur ...... | 1 | | 5 | 6 | | | | | | | | | 12 | 3 | 12 |
| Klettháls ........ | 31 | 28 | 31 | 13 | 1 | | | | | 1 | 7 | 24 | 136 | 37 | 15 |
| Hálfdán ........ | 5 | | 3 | 1 | | | | | | | 1 | 1 | 11 | 3 | 28 |
| Dynjandisheiði .. | 31 | 28 | 31 | 11 | 1 | | | | | | 8 | 23 | 133 | 36 | 23 |
| Hrafnseyrarheiði . | 31 | 28 | 31 | 11 | 1 | | | | 1 | 4 | 10 | 29 | 146 | 40 | 16 |
| Breiðadalsheiði .. | 15 | 9 | 15 | 8 | 1 | | | | 1 | 4 | 5 | 10 | 68 | 19 | 51 |
| Botnsheiði ...... | 15 | 13 | 16 | 9 | 1 | | | | | 3 | 9 | 9 | 75 | 21 | 38 |
| Þorskafjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 29 | 2 | | | 3 | 5 | 30 | 31 | 220 | 60 | 12 |
| Holtavörðuheiði . | 1 | | 1 | 3 | | | | | | | | | 5 | 1 | 29 |
| Vatnsskarð ..... | | 1 | 4 | 2 | | | | | | | | | 7 | 2 | 23 |
| Sigluf.v.,Fljót-Sigl. | 6 | 4 | 6 | 7 | 1 | | | | | | 2 | | 26 | 7 | 48 |
| Lágheiði ........ | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 10 | | | 2 | 3 | 21 | 31 | 218 | 60 | 3 |
| Öxnadalsheiði ... | | | | 1 | | | | | | | | | 1 | – | 15 |
| Ólafsfjarðarmúli . | 11 | | 5 | 4 | 8 | | | | | 1 | 4 | 4 | 37 | 10 | 46 |
| Vaðlaheiði ...... | 8 | 19 | 25 | 15 | 26 | | | | | | 18 | 18 | 129 | 35 | 12 |
| Hólssandur ...... | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 18 | 3 | | 12 | 4 | 27 | 31 | 246 | 67 | 8 |
| Axarfjarðarheiði . | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 30 | 9 | | 13 | 13 | 28 | 31 | 275 | 75 | 5 |
| Sandvikurheiði .. | 14 | 5 | 11 | 11 | 10 | | | | | | | | 51 | 14 | 12 |
| Vopnafjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 5 | | | | | 27 | 31 | 214 | 59 | 7 |
| Möðrudalsöræfi .. | 31 | 28 | 31 | 26 | 24 | | | | | | 13 | 7 | 160 | 44 | 15 |
| Vatnsskarð eystra | 25 | 11 | 24 | 23 | 18 | | | | 2 | | 6 | 20 | 129 | 35 | 19 |
| Fjarðarheiði .... | 15 | 14 | 10 | 8 | 9 | | | | | | 4 | 8 | 68 | 19 | 40 |
| Oddsskarð ....... | 14 | 7 | 8 | 2 | 2 | | | | | | 1 | 9 | 43 | 12 | 37 |
| Breiðdalsheiði ... | 31 | 28 | 31 | 20 | 2 | | | | | | | 24 | 136 | 37 | 7 |

**Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1969—1979.**

| Ár | Jan.—júní m.kr. | Okt.—des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala viðhalds-kostnaðar | Á verðl. 1979 m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1969 .......... | 18,3 | 15,8 | 34,1 | 6,48 | 758 |
| 1970 .......... | 34,0 | 15,9 | 49,9 | 7,19 | 999 |
| 1971 .......... | 34,0 | 20,7 | 54,7 | 8,33 | 946 |
| 1972 .......... | 24,4 | 29,7 | 54,1 | 9,98 | 781 |
| 1973 .......... | 59,0 | 40,1 | 99,1 | 12,5 | 1 142 |
| 1974 .......... | 91,6 | 72,4 | 164,0 | 20,4 | 1 158 |
| 1975 .......... | 245,4 | 76,3 | 324,7 | 33,4 | 1 400 |
| 1976 .......... | 227,4 | 88,4 | 315,8 | 43,8 | 1 038 |
| 1977 .......... | 323,0 | 171,3 | 500,3 | 67,7 | 1 064 |
| 1978 .......... | 526,9 | 318,2 | 845,1 | 100,0 | 1 217 |
| 1979 .......... | 890,7 | 546,2 | 1 436,9 | 144,0 | 1 437 |

**Kostnaður við vetrarviðhald nokkurra fjallvega.**

| Fjallvegir | Lengd kafla km | Kostnaður v/snjómokstur m.kr. | Kostnaður á km þús.kr. |
|---|---|---|---|
| Hellisheiði: Reykjavík — Hveragerði | 38 | 44,4 | 1 168,5 |
| Holtavörðuheiði | 38 | 38,1 | 1 002,6 |
| Fróðárheiði | 13 | 6,7 | 515,4 |
| Miklidalur og Hálfdán | 29 | 8,3 | 286,2 |
| Breiðadalsheiði | 16 | 35,8 | 2 237,5 |
| Botnsheiði | 17 | 26,2 | 1 541,2 |
| Haganesvík — Siglufjörður | 31 | 28,1 | 906,5 |
| Öxnadalsheiði | 30 | 13,9 | 463,3 |
| Ólafsfjarðarmúli | 18 | 26,5 | 1 472,2 |
| Fjarðarheiði | 25 | 30,0 | 1 200,0 |
| Oddsskarð | 22 | 32,1 | 1 459,1 |

**2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.**
Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

**Viðhaldskostnaður þjóðvega 1969—1979.**

| Ár | Fjárv. í vegáætl. m.kr. | Heildar-kostnaður m.kr. | Vetrar-viðhald m.kr. | Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði % |
|---|---|---|---|---|
| 1969 | 175,0 | 184,3 | 34,1 | 18,5 |
| 1970 | 197,4 | 229,2 | 49,9 | 21,8 |
| 1971 | 250,0 | 272,8 | 54,7 | 20,1 |
| 1972 | 355,0 | 357,7 | 54,1 | 15,1 |
| 1973 | 375,0 | 433,1 | 99,1 | 22,9 |
| 1974 | 716,4 | 844,0 | 164,0 | 19,4 |
| 1975 | 1 048,7 | 1 161,7 | 321,7 | 27,7 |
| 1976 | 1 381,0 | 1 462,1 | 315,8 | 21,6 |
| 1977 | 1 878,0 | 1 979,8 | 500,3 | 25,3 |
| 1978 | 3 220,0 | 3 500,2 | 845,1 | 23,8 |
| 1979 | 5 252,0 | 5 383,5 | 1 436,9 | 26,7 |

**Skipting viðhaldskostnaðar.**

Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1979. Skiptingin nær til sautján kostnaðarliða samkvæmt nýrri kostnaðarskiptingu, sem var gerð fyrir allt landið í fyrsta skipti árið 1978.

Í næstu töflu er svo tilgreind lengd akfærra vega og kostnaður við viðhald vega á km, ásamt eknum km og viðhaldskostnaði á hvern ekinn km. Í töflunni er einnig sýndur kostnaður við sumarviðhald og kostnaður á hvern ekinn km.

## Skipting viðhaldskostnaðar þjóðvega árið 1979.

| Kostnaðarliðir | Kostn. alls m.kr. | Kjördæmi<br>Suðurland m.kr. | Reykjanes m.kr. | Vesturland m.kr. | Vestfirðir m.kr. | Norðurl. ve. m.kr. | Norðurl. ey. m.kr. | Austurland m.kr. | Hlutfall af heildarkostn. % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vetrarviðhald | 1 436,9 | 158,3 | 171,3 | 181,0 | 289,3 | 99,1 | 224,2 | 313,7 | 26,7 |
| Eftirlit og hreinsun | 166,9 | 24,2 | 12,0 | 19,5 | 40,1 | 19,1 | 21,1 | 30,9 | 3,1 |
| Umferðarmerki, stikur og leiðarar | 84,1 | 14,3 | 22,3 | 12,6 | 11,6 | 6,9 | 7,3 | 9,1 | 1,5 |
| Vegmálun | 30,1 | 5,5 | 16,0 | 1,5 | 1,2 | – | 2,9 | 3,0 | 0,6 |
| Umferðarljós, lýsing | 20,2 | – | 20,2 | – | – | – | – | – | 0,4 |
| Mölburður | 890,6 | 227,1 | 75,7 | 107,8 | 86,7 | 106,8 | 161,2 | 124,9 | 16,5 |
| Yfirlagnir | 302,4 | 86,6 | 215,8 | – | – | – | – | – | 5,6 |
| Axlir, gangbrautir | 15,4 | 6,9 | 8,5 | – | – | – | – | – | 0,3 |
| Heflun | 709,7 | 165,0 | 51,1 | 140,3 | 67,3 | 87,5 | 89,4 | 109,1 | 13,2 |
| Rykbinding | 97,0 | 26,9 | 11,4 | 29,9 | 5,0 | 7,3 | 8,6 | 7,9 | 1,8 |
| Ræsi, skurðir, rásir | 164,9 | 26,3 | 7,6 | 33,3 | 48,1 | 25,0 | 8,1 | 16,5 | 3,0 |
| Viðgerð á malarvegum | 193,5 | 26,4 | 1,0 | 35,0 | 16,1 | 14,4 | 23,0 | 77,6 | 3,6 |
| Viðgerð á bundnum slitlögum | 15,8 | 6,0 | 5,2 | 1,1 | 0,6 | 1,5 | 1,0 | 0,4 | 0,3 |
| Vatnaskemmdir | 148,6 | 19,7 | 4,2 | 5,5 | 23,9 | 14,0 | 31,8 | 49,5 | 2,8 |
| Vinnsla efnis | 757,1 | 179,3 | 28,7 | 155,4 | 85,3 | 97,5 | 102,8 | 108,1 | 14,1 |
| Viðhald brúa og varnargarða | 227,8 | 44,1 | 1,3 | 16,9 | 23,4 | 11,9 | 30,4 | 99,8 | 4,2 |
| Ýmis kostnaður | 122,9 | 25,1 | 9,0 | 36,3 | 22,9 | 12,7 | 7,0 | 9,9 | 2,3 |
| Samtals | 5 383,5 | 1 041,7 | 661,3 | 776,1 | 721,5 | 503,7 | 718,8 | 960,4 | 100,0 |

## Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við hvern km og ekinn km árið 1979.

| Kjördæmi | Viðhaldskostnaður fyrir árið 1979 m.kr. | Lengd akfærra vega km | Viðhaldskostnaður á hvern km þús.kr. | Eknir km 1979 m.km | Viðhaldskostnaður á hvern ekinn km kr. | Kostnaður við sumarviðhald 1979 m.kr. | Kostnaður við sumarviðhald á hvern km þús.kr. | Kostnaður við sumarviðhald á hvern ekinn km kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurland | 1 041,7 | 1 571 | 663 | 90 | 11,6 | 883,4 | 562 | 9,8 |
| Reykjanes | 661,3 | 361 | 1 832 | 162 | 4,1 | 490,0 | 1 357 | 3,0 |
| Vesturland | 776,1 | 1 398 | 555 | 56 | 13,9 | 595,1 | 426 | 10,6 |
| Vestfirðir | 721,5 | 1 331 | 542 | 26 | 27,7 | 432,2 | 325 | 16,6 |
| Norðurland v. | 503,7 | 1 101 | 457 | 35 | 14,4 | 404,6 | 367 | 11,6 |
| Norðurland e. | 718,8 | 1 198 | 600 | 43 | 16,7 | 494,6 | 412 | 11,5 |
| Austurland | 960,4 | 1 446 | 664 | 37 | 26,0 | 646,7 | 447 | 17,5 |
| Samtals | 5 383,5 | 8 406 | 641 | 449 | 12,0 | 3 946,6 | 469 | 8,8 |

Í meðfylgjandi töflu er sýndur sumarviðhaldskostnaður á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi, einnig lengd vega í hvorum flokki og eknir km. Ennfremur er tilgreindur sumarviðhaldskostnaður á hvern km og hvern ekinn km.

| Gerð vega | Kostnaður við sumarviðhald í m.kr. | Fjöldi km | Fjöldi ekinna km í milljónum | Kostnaður á hvern km í þús. kr. | Kostnaður á hvern ekinn km í kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Malarvegir | 3 504,6 | 8 135 | 260 | 431 | 13,5 |
| Vegir með bundnu slitlagi | 442 | 271 | 189 | 1 631 | 2,3 |
| Samtals | 3 946,6 | 8 406 | 449 | 469 | 8,8 |

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

### 2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

#### *2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.*

Samkvæmt lánsfjáráætlun og vegáætlun aflaði ríkissjóður lánsfjár að upphæð 3 130 m.kr. til að brúa bilið milli áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun annars vegar og tekjuöflunar hins vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags. Auk þess aflaði svo ríkissjóður í júlímánuði láns að upphæð 600 m.kr. til endurbóta á Norðausturvegi milli Húsavíkur og Vopnafjarðar með tilliti til hafíshættu. Samtals var því aflað lánsfjár að upphæð 3 730 m.kr. til vegagerðar á árinu. Skiptist lánsféð þannig, að 2 800 m.kr. voru af andvirði spariskírteina og því með fullri verðtryggingu, en 930 m.kr. af erlendu lánsfé með fullri gengisbindingu.

Vextir og afborganir vegna þessara lána, svo og allra þeirra A-hluta lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi, var greitt beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar, eins og venja hefur verið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu vaxta og verðbóta á s. l. ári 1 728,7 m.kr., en til greiðslu afborgana fóru alls 1 647,7 m.kr. (Tvö lán í Seðlabanka voru greidd að fullu með 834,2 m.kr. fyrr en gert var ráð fyrir, innleyst voru skyldusparnaðarbréf að upphæð 30,2 m. kr. og afborganir annarra skuldabréfa námu 783,3 m. kr.)

Eftirfarandi tafla sýnir hreyfingar á lánum þessum á árinu:

**Lán yfirtekin af ríkissjóði.**

(Upphæðir í m.kr.)

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir í árslok 1978 | | 12 093,7 |
| Ný lán á árinu | 3 730,0 | |
| Gengistap | 1 386,1 | 5 116,1 |
| | | 17 209,8 |
| Afborganir | | 1 647,7 |
| Skuldir í árslok samtals | | 15 562,1 |

Uppfærsla erlendra lána vegna óhagstæðrar gengisþróunar á árinu nam 1 386,1 m.kr. og miðað við gengi í árslok voru erlendu lánin að upphæð samtals 6 600,6 m.kr.

Vísitölubundin lán voru í árslok 8 958,0 m.kr. *á nafnverði* og voru því einungis 3,5 m.kr. af lánum þessum óháð gengis- og vísitölubreytingum.

Í töflunni hér að framan eru öll verðtryggð lán talin á nafnverði, en gengisbundin lán eru miðuð við gengi eins og það var um s. l. áramót.

## 2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Nokkur undanfarin ár hefur verið heimild í vegáætlun til töku vinnulána og annarra bráðabirgðalána til að hraða nokkrum tilteknum vegaframkvæmdum. Engin slík heimild var nú í vegáætlun, og var því eigi um töku annarra bráðabirgðalána að ræða en þeirra, sem heimamenn í tilteknum héruðum óskuðu eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum. Lánsfé þetta kom að mestum hluta í formi vinnulána frá vinnuvélaeigendum og verktökum og að nokkru frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Til stofnbrauta var aflað samtals 184,5 m.kr., sem fór að stórum hluta til Vesturlandsvegar á Holtavörðuheiði, Norðurlandsvegar í Langadal og Suðurlandsvegar milli Rauðalækjar og Hellu.

Til þjóðbrauta var aflað samtals 210,5 m.kr., að miklu leyti til ýmissa vega á Suðurlandi, aðallega Fljótshlíðarvegar, en Framkvæmdasjóður Íslands lánaði samtals 116,0 m.kr., þar af 25,0 m.kr. til Strandavegar í Árneshreppi frá Norðurfirði að flugvelli á Gjögri og 56,0 m.kr. til vegagerðar á Efra-Jökuldal í Norður-Múlasýslu, en 35,0 m.kr. voru endurlánaðar til þessarar vegagerðar frá fyrra ári.

